

Skólaráð Hörðuvallaskóla

5. fundur skólaársins 2018-2019, haldinn 17. janúar 2019

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson

Fulltrúar foreldra: Linda Björk Hilmarsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Unnur Helga Óttarsdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Undirbúningur næsta skólaárs

Allra fyrsta umræða um skóladagatal næsta skólaárs. Í grunninn er gengið út frá sama fyrirkomulagi og á þessu skólaári varðandi uppsetningu dagatalsins. Eftir er að samræma skipulagsdaga og að því búnu verður dagatalið tekið til umræðu á kennarafundi.

Byrjað er að huga að næsta skólaári. Ekki er fyrir séð að um stökkbreytingar verði að ræða í nemendafjölda, líklega fjölgun um 20 nemendur þannig að nemendafjöldi verði um 950. Hugsanlega þarf einhverjar breytingar á stundaskrárramma vegna matsalar í Baugakór. Skólastjóri verður í námsleyfi næsta skólaár.

2. Húsnæðismál

Samþykkt var ákveðin fjárhæð í fjárhagsáætlun vegna framkvæmda í Kórnum en eftir er að ákveða hvernig þeir fjármunir verða nýttir. Skólastjóri ýtir á eftir áætlanagerð vegna þess.

3. Viðtöl og námsmat

Umræður um fyrirkomulag námsmats og viðtala. Litlar athugasemdir virðast berast frá foreldrum vegna þessa. Það er helst að kvartað sé undan tilkynningum úr mentor um að verkefnum sé ólokið, þarf að skoða stillingar á þeim málum í mentorkerfinu.

Einnig finnst sumum flókið að finna út úr hvar námsmat er að finna t.d. niðurstöður úr verkefnum o.þ.h.

Næsti fundur áformaður 21. febrúar.